

## Stofnanasamningur

milli Proskapjálfafélags Íslands og Landspítala um forsendur röðunar starfa  
Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars  
vegar  
og Proskapjálfafélags Íslands hins vegar

### 1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra proskapjálfa á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Proskapjálfafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Þegar talað er um proskapjálfa í samningi þessum er átt við þá sem hafa rétt til að kalla sig proskapjálfa samkvæmt leyfi landlæknis samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr 34/2012.

### 2 Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verkswið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

### 3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

| <u>Starfaflokkur</u>  | <u>Launafl. á bili</u> |
|-----------------------|------------------------|
| Proskapjálfi A .....  | 070                    |
| Proskapjálfi B.....   | 080                    |
| Proskapjálfi C.....   | 090                    |
| Proskapjálfi D .....  | 100-110                |
| Proskapjálfi E.....   | 120                    |
| Sérfræðingsstarf..... | xxx                    |
| Deildarstjóri.....    | xxx                    |

Framangreind röðun miðast við 180 ECTS grunnnám til starfsleyfis proskapjálfa.

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum. Vegna breytinga og þróunar á starfssviði proskapjálfa á Landspítala geta orðið til ný störf sem þarf að raða sérstaklega.

Vegna breytinga á starfsemi LSH geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist

brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

#### **4 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti**

##### **4.1 Mat á menntun umfram grunnkröfu starfs**

Viðbótarnám, sjá nánar fylgiskjal 2 (hámark 6 þrep)

Viðbótarmenntun - að lágmarki;

30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir ..... 1 þrep

60 ECTS einingar eða 360 kennslustundir ..... 2 þrep

Meistarapróf (90-120 ECTS) ..... 4 þrep

Doktorspróf (180 ECTS) ..... 6 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að sex þrepum, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms, sbr. nánar skilyrði mats samkvæmt fylgiskjali 2.

##### **Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar**

##### **4.2 Mat á sérstökum og/eða tímabundnum verkefnum**

Þroskaþjálfari sem er málastjóri/teymisstjóri raðast einum til tveimur þrepum ofar en ella. Einu þrepi vegna málefna á legudeild, tveimur þrepum vegna málefna á dag- eða göngudeild.

Þroskaþjálfari sem er í varnarteymi á geðdeildum LSH samkvæmt ákvörðun raðast einu launaþrepi ofar en ella hafi þeir lokið námskeiði á því sviði sem um er að ræða. Launauki þessi fellur niður þegar starfsmaður hættir í varnarteymi.

#### **5 Vaktavinna og vinnuframlag að næturlagi**

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi, þ.e. á tímabilinu 23:00 til 08:00, skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi (eða breytingatilkynningu) við viðkomandi starfsmann. Ef gert er ráð fyrir að 50-59% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur fjórum álagsþrepum. Sé hins vegar gert ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðast fimm álagsþrep

#### **6 Réttur til endurmats á röðun**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

#### **7 Gildistaka**

Samningur þessi gildir frá og með 1. júlí 2022.

Reykjavík 24. júní 2022

f.h. Landspítala

Atli Atlason  
Oddur Gunnarsson

f.h. Þroskapjálfafélag Íslands

Anna Lilja Magnúsdóttir  
Gerður Pálsdóttir  
Laufey Elísabet Gissurardóttir

## Fylgiskjal 1

### Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

#### Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

Proskabjálfi A: Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynds fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Proskabjálfi B: Komin vel á veg. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.

Proskabjálfi C: Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

Proskabjálfi D: Er mjög vel fær í starfi. Hefur faglega ábyrgð/umsýslu verkefna innan deildar/hóps starfsmanna. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnun, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og sjúkrahússins.

og/eða

Innleiðir nýjungar á sínu fagsviði, er leiðandi í gæðastarfi og ber ábyrgð á faglegri þróun á sínu fagsviði. Þá tekur starfsmaður þátt í rannsóknum og er ráðgefandi um rannsóknir/faglega úrlausn vandamála.

og/eða

Er staðgengill næsta yfirmanns að staðaldri og ber ásamt honum ábyrgð á verkefnum er lúta að skipulagi og stjórnun deildar/einingar í samvinnu við deildarstjóra. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun deildar/einingar. Ekki er um launað staðgengilsstarf að ræða og fer með greiðslu staðgengilslauna skv. 9 kafla kjarasamnings.

Proskabjálfi E:

Sérfræðingur í tiltekinni fræðigrein á fagsviði starfs og hefur að öllu jöfnu meistaraþróf. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á einingu í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu/meðferð í samræmi við sýn og stefnu LSH. Metur árangur í starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/þjónustunnar/meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við sviðsstjóra eða deildarstjóra. Stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á deild, sviði eða stofnun í samráði við sviðsstjóra eða deildarstjóra. Er leiðandi í gagnreyndum starfsháttum og innleiðir nýjungar í meðferð/þjónustu/fagi.

Sérfræðingsstarf:

Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigrein. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

Deildarstjóri:

Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, sbr. nánar starfslýsingu stofnunar.

## Fylgiskjal 2

### Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí- og endurmenntun

#### Viðbótarnám/-menntun – hámark 6 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplomapróf**<sup>1</sup> - Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum eða 180 kennslustundum, hækkar um eitt þrep. Starfsmaður sem hefur aflað sér 60 ECTS einingum eða 360 kennslustundum, hækkar um eitt þrep til viðbótar. Hámarkshækkun vegna viðbótarmenntunar eru tvö þrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.
- **Meistarapróf** – (90 – 120 ECTS eininga meistarapróf umfram grunnkröfu starfs) Starfsmaður með meistarapróf umfram grunnkröfu starfs, hækkar sem nemur fjórum þrepum ef námið nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um tvö til þrjú þrep eins og við á. Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi eru fjögur þrep.
- **Doktorspróf** – (180 ECTS eininga doktorspróf umfram grunnkröfu starfs) Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækkar sem nemur sex þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö þrep við það að ljúka doktorsprófi.

**Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar**

#### Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun skal senda eftirfarandi til yfirmanns.

- a. Starfsmaður skráir í Oracle-sjálfsafgreiðslu starfsmanns upplýsingar um námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar og fl.
- b. Afrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- c. Yfirmaður tekur afstöðu til þess hvort námskeið/menntun nýtist í starfi.
- d. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- e. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákeðinn fjölda háskólaeininga er metið af yfirmanni.
- f. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

---

<sup>1</sup> Lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 0,66 ECTS einingar.

## Undirritunarsíða

Ólafur Jóhann Ólafsson

Atli Atlason

Oddur Gunnarsson

Anna Lilja Magnúsdóttir

Laufey Elísabet Gissurardóttir

Gerður Pálsdóttir